

Reykjavík, 20. september 2013
Fundargerð 124. fundar.

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 20. september 2013 var haldinn 124. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 08.00.

Viðstaddir voru Jón Gnarr, Erling Ásgeirsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Guðrún Ágústa Guðmundsdóttur. Haraldur Sverrisson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs, og S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra.

Fundarstjóri var Jón Gnarr, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Sex mánaða uppgjör

Árshlutareikningar SHS samstæðunnar, þ.e. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Almanna- og varnarmálaráðgjafar höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteigna ehf. kynntir. Reikningarnir eru kannaðir af endurskoðendum SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- SHS 6 mánaða uppgjör, dags. 20. september 2013.
- AHS 6 mánaða uppgjör, dags. 20. september 2013.
- SHS-F 6 mánaða uppgjör, dags. 20. september 2013.

Afgreiðsla: Árshlutareikningarnir samþykktir.

2. Fjárhagsáætlun 2014

Fjallað um starfs- og fjárhagsáætlun SHS samstæðunnar fyrir árið 2014.

Eftirfarandi lagt fram:

- Starfs- og fjárhagsáætlun SHS 2014, ódagsett.

Afgreiðsla: Starfs- og fjárhagsáætlun 2014 samþykkt, með fyrirvara um að gengið verði frá samningum um sjúkraflutningana, sjá lið 3.

3. Samningur við Sjúkratryggingar Íslands vegna sjúkraflutninga

Fyrirliggjandi samningur, byggður á samkomulagsgrundvelli samningsaðila, er enn óundirritaður og heilbrigðisráðherra hefur ekki fengið heimild til að undirrita hann. Á meðan heldur ríkið áfram að greiða samkvæmt eldri samningi, sem rann út í árslok 2011.

Afgreiðsla: Formanni falið að óska eftir fundi með heilbrigðisráðherra.

4. Skipulagsbreytingar

Slökkviliðsstjóra kynnti tillögu að nýju skipuriti fyrir SHS.

Eftirfarandi lagt fram:

- Tillaga að nýju skipuriti SHS, ódagsett.

Afgreiðsla: Lagt fram, frestað til næsta fundar.

5. Óleyfisbúðir og óleyfisbúseta í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði

Óleyfisbúðir í atvinnuhúsnæði hafa verið á borði slökkviliðsstjóra í rúmlega 10 ár. Lagaleg óvissa er um til hvaða úrræða slökkviliðsstjóri getur gripið.

Eftirfarandi lagt fram:

- Minnisblað SHS; Óleyfisbúðir og óleyfisbúseta í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, dags. 20. september 2013.

Afgreiðsla: Stjórn SHS felur slökkviliðsstjóra að ræða við forsvarsmenn skipulagsmála í hverju aðildarsveitarfélagi fyrir sig.


Næsti fundur verður föstudaginn 18. október 2013 kl. 08.00.

Fundi slitið klukkan 09:45.


Fylgiskjöl:


- SHS 6 mánaða uppgjör 2013, dags. 20. september 2013.
- AHS 6 mánaða uppgjör 2013, dags. 20. september 2013.
- SHS-F 6 mánaða uppgjör 2013, dags. 20. september 2013.
- Starfs- og fjárhagsáætlun SHS 2014, ódagsett.
- Tillaga að nýju skipuriti SHS, ódagsett.
- Minnisblað SHS; Óleyfisbúðir og óleyfisbúseta í atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, dags. 20. september 2013.


Reykjavík, 20. september 2013


Jón Gnarr, formaður


Ásgerður Halldórsdóttir


Erling Ásgeirsson


Ármann Kr. Ólafsson


Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir